



Ályktun um efnahags- og atvinnumál

Þing Starfsgreinasambands Íslands lýsir yfir þungum áhyggjum af stöðu efnahags- og atvinnumála. Yfir 12.000 manns eru án atvinnu, þúsundir hafa flust úr landi og margir hafa horfið af vinnumarkaði. Tæplega 2/3 þeirra sem eru í atvinnuleit hafa verið án vinnu í meira en 6 mánuði. Staðan er því grafalvarleg og við blasir stöðnun í hagkerfinu. Verðbólga er mikil, krónan verðlítill og hagvaxtarhorfur slæmar enda eru fjárfestingar sem leggja eiga grunn að framtíðarverðmætasköpun í sögulegu lágmarki.

Þing Starfsgreinasambandsins telur það forgangsmál að breyta þessari stöðu. Aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf verða að beinast að því að auka arðbæra fjárfestingu. Á síðasta ári var heildarfjárfesting á Íslandi innan við 200 milljarðar króna og hefur fjárfesting aldrei verið minni, mæld sem hlutfall af landsframleiðslu. Við gerð kjarasamninga í vor settu stjórnvöld og aðilar vinnumarkaðarins sér það markmið að örva hagvöxt með því að tryggja fjárfestingar upp á 350 milljarða á ári.

Þing Starfsgreinasambands Íslands kallar eftir frumkvæði og forystu stjórnvalda, atvinnulífs og fjármálakerfisins við endurreisn efnahagslífsins. Þessir aðilar verða að sýna að þeim sé full alvara í því að fá hjól atvinnulífsins til að snúast hraðar. Það er krafa þingsins að þessir aðilar taki virkan þátt í því að stuðla að auknum fjárfestingum á vegum hins opinbera og einkaaðila. Í því samhengi er m.a. mikilvægt að ríkisstjórnin leggi fram nauðsynlegar efnahags- og fjárfestingaráætlanir, sem varði leiðina að þeim markmiðum sem viljayfirlýsing ríkisstjórnarinnar í tengslum við gerð kjarasamninganna gerir ráð fyrir.